

gr. laga nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengisлага. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Júlíus Magnússon, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Halldórsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. október 1981.

Nr. 220/1980. **Ákærvaldið**

(Jónatan Sveinsson saksóknari)

gegn

Arnfinni Bergi Jørgensen

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds. Hér fyrir dómi var þess krafist af hálfu ákærvalds, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur um refsingu ákærða og hann yrði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar fyrir báðum dómum.

Með eigin framburði ákærða og vitna er sannað, að hann tók og hafði á brott með sér jarðýtutönn þá, er mál þetta varðar, svo sem í héraðsdómi er rakið. Staðhæfing ákærða um, að hann hafi haft leyfi Ingva Ingvasonar til töku ýtutannarinnar, hefur hvorki stoð í framburði Ingva né þeirra tveggja manna, er ákærði tilgreinir vitni að samtali sínu við Ingva. Er því ekki hægt að byggja á staðhæfingu þessari við úrlausn málsins.

Brot ákærða varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með broti því, sem í máli þessu greinir, rauf ákærði skilorð dóms sakadóms Hafnarfjarðar frá 15. nóvember 1974. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, verður ákærða nú í einu lagi dæmd refsing fyrir brot þau, er skilorðsbundni dómurinn fjallar um, og brot það, sem ákært er fyrir í máli þessu. Refsingu ber að ákveða með hiðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Verður refsing ákærða ákveðin fangelsi 5 mánuði skilorðsbundið, þannig að fullnustu refsingar verði frestað og hún falli niður að fjórum árum liðnum frá uppkvaðningu héraðsdóms 9. nóvember 1979, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri málsins í héraði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Arnfinnur Bergur Jörgensen, sæti fangelsi 5 mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað, og falli hún niður að fjórum árum liðnum frá 9. nóvember 1979, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 9. nóvember 1979.

Ár 1979, föstudaginn 9. nóvember, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1115/1976: Ákærvaldið gegn Arnfinni Bergi Jörgensen.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Arnfinni Bergi Jörgensen vélsmið, Hraunbrún 18 í Hafnarfirði, fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa að kvöldi mánudagsins 22. eða 23. mars 1976 tekið að ófrjálsu jarðýtutönn á sorphaugunum við Hafnarfjörð.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 3. ágúst 1945 í Færeyjum, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1974 6/3 í Hafnarfirði: Sátt, 1.400 kr. sekt fyrir brot gegn 27. og 45. gr. umferðarlaga.

1974 17/7 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

1974 15/11 í Hafnarfirði: Dómur: 4 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 261. gr. og 248. gr. hegningarlaga.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara, að refsing hans verði ákveðin í algeru lágmarki og þá skilorðsbundin. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 24. mars 1976 kærði Bjarni B. Guðbjartsson verktaki, Blesugróf 14, Reykjavík, þjófnað á ýtutönn af jarðýtu af gerðinni Caterpillar 4, sem var á sorphaugunum við Hafnarfjörð, en kærandinn var verktaki hjá Hafnarfjarðarbæ og annaðist um hreinsun sorphauganna og notaði jarðýtur við það verk. Hann taldi þjófnaðinn hafa átt sér stað á tímabilinu frá mánudagskvöldinu 22. mars til þriðjudagsins 23. mars 1976, kl. 1700. Hann sagði tönnina vera um 2.5 metra á lengd og 1 smálest að þyngd, og treysti hann sér til að þekkja hana, sæi hann hana aftur.

26. apríl 1976 kom svo kærandinn aftur til rannsóknarlögregl-

unnar í Hafnarfirði og benti á, að ýtutönnin væri við vegkant að Hraunbrún 18, Hafnarfirði, og fór fram á, að sá, sem tók tönnina, yrði látinn skila henni. Hann sagðist hafa verið búinn að selja ýtúvélina á kr. 500.000, en orðið af þeim vegna þjófnaðarins.

Að Hraunbrún 18, Hafnarfirði, bjó ákærði í máli þessu, og var hann 27. apríl 1976 tekinn fyrir af rannsóknarlögreglu grunaður um að hafa tekið greinda ýtutönn. Hann viðurkenndi að hafa tekið tönnina, en kvað sig hafa leyfi Ingva H. Ingvasonar, Breiðvangi 47, Hafnarfirði, til tökunnar.

Hann lýsti atvikum nánar þarna hjá rannsóknarlögreglu og svo hér fyrir dómi þann 17. sept. 1976. Hann kvaðst hafa farið seinni part mánudags 22. mars eða þriðjudags 23. mars 1976 á sorphaugana sunnan við Hafnarfjörð ásamt Katli Vilbergssyni, Austurgötu 8, Hafnarfirði, og Birni Vilbergssyni, Strandgötu 107, Akranesi, í þeim tilgangi að sækja ýtutönn þá, sem hér um ræðir og ákærði kvaðst hafa haft leyfi til að taka frá Ingva H. Ingvasyni, Breiðvangi 55, Hafnarfirði. Hann kvað bæði Ketil og Björn hafa verið vitni að samtalinu við Ingva, sem farið hefði fram við Hvaleyrarbraut, þar sem verið var að vinna. Samtal þetta kvað ákærði hafa farið fram tveimur mánuðum áður en tönnin var tekin. Ákærði kvað Ingva hafa sagt, að hann mætti sækja tönnina og nota hana og eiga hana. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað, hvort Ingvi átti jarðýtu þessa, en Ingvi hafi sagt, að sá, sem hefði keypt af sér ýtuna, hefði aldrei borgað og því mætti ákærði hirða hana. Ákærða skildist, að kærandi málsins, Bjarni B. Guðbjartsson, hefði átt að vera kaupandinn. Ákærði kvað Ingva hafa verið umráðamann sorphauganna stuttu áður og þá hafi hann skilið eftir á þeim ýmiss konar dót. Ákærði kvað jarðýturnar tvær báðar álíka ónýtar. Önnur væri vírayta, en hin glussaýta og hefði hann tekið tönnina af víraytunni. Ákærði kvað tökuna ekki hafa farið fram með nokkurri leynd. Menn, sem störfuðu við sorphreinsun, hefðu komið þarna að og þeir ekkert skipt sér af tökunni. Ákærði kvað tönn þessa vera u. þ. b. 3—400 kg. Hefðu þeir lyft henni með gröfu upp á vörubíll og ekið síðan með hana rakleitt að Hraunbrún 18 og tekið hana af þar og þar hefði hún legið mánuðum saman. Ætlunin hefði verið að nota tönnina á traktorsgröfu. Ákærði kveður tönnina aldrei hafa verið notaða, þar sem hún hafi reynst of þung fyrir traktorinn. Ákærði kvaðst hafa farið með tönnina suður á sorphauga í gær, 16. september 1976, en þá hafi enginn verið þar til

að taka við henni. Hann kvaðst hafa búist við Bjarna eða einhverjum starfsmanni hans, þar sem Bjarni væri umráðamaður sorphauganna og bæri að hafa starfsmann þar frá kl. 0800—2200 dag hvern. Ákærði kvaðst reiðubúinn að bæta Bjarna tjón hans, en ekki óhóflegar kröfur, eins og kr. 500 þús., enda telur hann fráleitt, að ýtan hafi átt að seljast fyrir þá upphæð. Ákærði kvað hvorki Bjarna né lögmann hans, Ingvar Björnsson héraðsdómslögmann, hafa krafið sig um að skila tönninni og því síður hefði Ingvi gert það.

Vitnið Ingvi Hraunfjörð Ingvason, Breiðvangi 55, Hafnarfirði, fætt 1. janúar 1940, kvaðst aðspurt vera ósátt við ákærða, en það væri nýtilkomið og hefði ekki áhrif á vætti þess í þessu máli.

Vitnið kvaðst aldrei, hvorki fyrr né síðar, hafa gefið ákærða leyfi til að taka eina eða aðra jarðýtutönn í sinni eigu.

Vitnið taldi, að ákærði hlyti að hafa vitað, að Bjarni hefði átt ýtu þá, sem hann tók tönnina af. Vitnið kvaðst hafa selt Bjarna þessa ýtu fyrir kr. 150.000 snemma á síðasta ári og hefði hann staðið skil á kaupverðinu. Vitnið kvaðst hafa selt Bjarna annað tæki, sem ekki hafi verið staðið í skilum með, en það hefði ekki átt að geta valdið ruglingi.

Vitnið kvaðst oft hafa átt samræður við ákærða við Hval-eyrarbraut á þeim tíma, sem ákærði kvað áður nefnt samtal þeirra hafa átt sér stað, en kvað samræður þeirra aldrei hafa snúist um heimild til handa ákærða að hirða ýtutönn á sorphaugunum.

Ákærði og framangreint vitni voru samprófuð hér fyrir dómi, en ekki fékkst samræmi í framburði þeirra. Vitnið kvað þær jarðýtur, sem um væri rætt, hafa staðið hlið við hlið og önnur þeirra verið á þess vegum að nokkru, en það aldrei vísað á að taka af henni tönnina.

Vitnið Ketill Vilbergs Vilbergsson, Austurgötu 8, Hafnarfirði, fætt 12. janúar 1954, kvaðst ekki hafa verið vitni að samtali því, sem ákærði kvaðst þar hafa átt við Ingva H. Ingvason. Það kvaðst hafa verið starfsmaður ákærða, er ýtutönnin var sótt á sorphaugana við Hafnarfjörð. Þá hefði ákærði tjáð því, að hann hefði haft leyfi til að taka tönnina frá áður nefndum Ingva, enda ætti hann ýtuna, en ekki maður sá, sem hafði yfirumsjón með sorphaugunum á þessum tíma, sem mun hafa verið Bjarni B. Guðbjartsson, kærandi málsins. Það kvað þá einungis hafa þurft að splitta tönnina frá til að losa hana og hefðu þeir ekki valdið neinum skemmdum, hvorki á tönninni né ýtunni. Tönnin hefði

síðan verið tekin af við heimili ákærða að Hraunbrún 18, Hafnarfirði, og þar hefði hún legið í vegkantinum og ekkert verið notuð. Einhverju sinni hefði ákærði verið að slétta úr ruðningi í vegkantinum og tönnin þá orðið undir ruðningnum. Aðeins smáendi af annarri festingunni hefði staðið út úr, og tönnin því getað dulist þeim, sem ekki vissu um hana þarna. Ákærði hefði síðan notað svæðið, sem myndaðist af ruðningnum, fyrir bílastæði og getað komið á það þremur vörubílum. Vitnið taldi, að tveir mánuðir gætu hafa liðið frá því tönnin var flutt að Hraunbrún 18 þar til hún varð undir ruðningnum. Vitnið kvaðst sjálfst hafa grafið tönnina upp um mánaðamót júlí—ágúst og því þá verið sagt, að lögreglan hefði ætlað að koma og líta á tönnina.

Aðspurt sagði vitnið, að tönnin hefði verið sótt eftir kvöldmat og þá verið niðamyrrkur. Engin lýsing sé á staðnum. Einn eða tveir bílar hafi komið til að losa rusl, meðan þeir voru að losa tönnina og setja hana upp á vörubifreiðina, og ökumenn þeirra orðið varir við þá, en ekki skipt sér neitt af þeim. Engar aðrar mannaferðir hafi verið þarna og því takan dulist algerlega.

Vitnið Björn Vilbergsson, Suðurgötu 107, Akranesi, fætt 7. maí 1951, kvaðst þekkja ákærða, sem væri svili þess, og vitnið unnið veturinn 1975 til 1976 undir verkstjórn ákærða, en þeir hafi unnið við fyrirtækið Granít h/f, en aðaleigandi þess væri Herluf Poulsen, tengdafaðir þeirra. Vitnið kvað það rétt vera, að það hefði farið með ákærða í mars 1976 á sorphauga Hafnarfjarðarbæjar, og var Ketill, bróðir vitnisins, með þeim. Þeir tóku þar tönn af víráytu, en tvær ýtur voru þarna. Þeir bræður voru í starfi hjá ákærða og fengu greitt fyrir samkvæmt taxta í nætur- eða eftirvinnu. Tönnin var flutt á vörubíl að Hraunbrún 18 og sett þar við vegkantinn.

Ákærði gat þess, að hann hefði heimild til að taka tönnina, og hafði orð á því, svo að vitnið heyrdi, að Ingvi H. Ingvason hefði sagt, að hann (ákærði) mætti taka tönnina.

Vitnið kvaðst ekki minnst þess að hafa verið vitni að samtali ákærða og Ingva H. Ingvasonar um ýtutönnina. Vitnið kannaðist við Ingva og þekkti hann í sjón.

Vitninu var kynnt dómshj. nr. 2.

Vitnið ítrekaði, að það kannaðist ekki við að hafa verið vitni að samtali ákærða og Ingva, sem ákærði getur um í framburði sínum.

Vitnið Bjarni Guðbjörnsson, Tryggvagötu 2, Reykjavík, fætt 19. febrúar 1920, kom hér fyrir dóm 17. október 1979, og kvað

Það tönnina hafa verið af Caterpillar 4 ýtuvél, sem það hafði eignast rúmum 2 árum áður en tönnin var tekin af henni. Það kveðst hafa keypt vélina af Ingva Ingvasyni, Breiðvangi 55, Hafnarfirði, og kaupverð hennar verið kr. 250.000, sem það staðgreiddi. Vitnið kvaðst engin viðskipti hafa átt við ákærða né hafi það vitað á honum deili. Vitnið kvað aðspurt ekkert hafa farið milli þess og Ingva um, að ákærði mætti taka tönnina, enda vélin á þessum tíma í notkun og ekki verið ætlunin að selja neitt úr henni. Vitnið sagði, að er tönnin hafi verið tekin af vélinni, þá hafi armarnir verið teknir úr ýtuörmunum og þeim ekki verið skilað aftur. Þá hafi báðir armarnir verið teknir með tönninni og aðeins öðrum skilað aftur. Það kvað hafa kostað það mikið að gera við ýtuna miðað við að kaupa þessa hluti, að það hafi ekki gert það, heldur hafi hann selt úr vélinni það, sem hann gat, enda hafði hann þá eignast International ýtu, sem var stór og afkastamikil, og hann því ekki haft þörf fyrir hina. Það kvað og hafa verið þarna á haugunum Caterpillar 7 ýtuvél, sem Ingvi Ingvason átti, og hefði tönnin verið losuð frá henni og legið fyrir framan hana og hefði verið þannig lengi.

Vitninu er gefinn kostur á að gera kröfu til skaðabóta í máli þessu, en hefur ekki sinnt því, en hefur það viðhorf, að refsa beri ákærða fyrir athæfi hans.

Með framburði ákærða og vætti vitna er sannað, að ákærði tók framangreinda ýtutönn, sem var á Caterpillar 4 ýtuvél á sorphaugum Hafnarfjarðar og hafði verið notuð þar sem vinnuvél. Takan telst hafa farið fram að kveldlagi 22. eða 23. mars 1976, en framburðir ákærða og vitnanna Ketils og Björns Vilbergssona hníga allir í þá átt. Ketill kveður þá hafa sótt tönnina eftir kvöldmat og í niðamyrkri, Björn kveður þá hafa fengið greitt fyrir vinnuna við að taka tönnina samkvæmt taxta í nætur- eða eftirvinnu, sem og bendir til, að verkið er unnið eftir lok venjulegs vinnutíma. Ákærði kveður þetta hafa gerst seinni part dags. Þá er þetta í lok páskahelgi og á þeim tíma er ekki að vænta, að starfsmaður eða verktaki Hafnarfjarðarbæjar, í þessu tilviki kærandi, sé á staðnum, og ekki gerir ákærði honum viðvart um ferðir sínar á umráðasvæði hans. Þykir því viss leynd hvíla yfir verknaði ákærða.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi haft heimild til töku tannarinnar frá Ingva Ingvasyni, fyrrverandi eiganda ýtunnar. Ingvi hefur neitað því, og vitnin, sem ákærði hefur nefnt að samtali, þar sem Ingvi á að hafa veitt ákærða þessa heimild,

minnast þess ekki, að slíkt samtal hafi farið fram. Sönnun brestur því alveg um þessa staðhæfingu ákærða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ætlað að hagnýta sér tönnina á dráttarvél, sem hann var með.

Ákærði þykir því með verknaði þessum hafa framið þjófnaðarbrot, sem varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar, uppkveðnum 15. nóv. 1974, hlaut ákærði 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 261. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur rofið skilorð þessa dóms, og verður nú samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga dæmd í einu lagi refsing fyrir þau brot, sem hann er ákærður fyrir í þessu máli.

Refsing ákærða þykir því með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og með vísan til 57. gr. a. sömu laga, samanber 9. gr. laga nr. 101/1976, hæfilega ákveðin þannig:

Ákærði sæti fangelsi í 5 mánuði, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að liðnum 4 árum, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði enn fremur krónur 400.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Árna Grétars Finnssonar, sem ákveðast kr. 100.000.

Töluvert mikill dráttur hefur orðið á því, að lyktir fengjust í mál þetta, sem stafar m. a. af sendingu málsins milli embætta og landa, svo og var málinu frestað að tilhlutan vandamanna ákærða hér á landi, svo sem nánar er frá greint í málsskjölum.

Dómsorð:

Ákærði, Arnfinnur Bergur Jørgensen, sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að liðnum 4 árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, 4. gr.

Ákærði greiði og kr. 400.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin

málsvagnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns
 Árna Grétars Finnssonar, kr. 100.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. október 1981.

Nr. 154/1979. **Hörður Valdimarsson**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

samgönguráðherra og

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Garðar Garðarsson hdl.).

Atvinnuleyfi. Leigubifreiðar. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1979. Hann gerir þessar dómkröfur: „Að úrskurður samgönguráðuneytisins, dags. 28. apríl 1978, verði dæmdur ógildur. Að atvinnuleyfi áfrýjanda verði skýrt þannig, að það veiti honum rétt til að aka leigubifreið til mannflutninga frá bifreiðastöð í Keflavík, þannig að hann hafi rétt til að aka á móti öðrum manni, sem ekki þarf nauðsynlega að hafa atvinnuleyfi, á sömu bifreið. Að stefnda verði gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.“

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms að efni til og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Sú dómkrafa áfrýjanda, að úrskurður samgönguráðuneytisins 28. apríl 1978 verði dæmdur ógildur, er ný krafa fyrir Hæstarétti. Skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til að koma